

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 156/1994.

**Ákærvaldið**

(Sigríður Jósepsdóttir, settur saksóknari)  
gegn

**Atla Þór Ólasyni**

(Gestur Jónsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Fésekt. Skattsvik. Tekjuskattur. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. apríl 1994 einvörðungu um lagaatriði og til þyngingar viðurlaga.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá krefst hann þess, að allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð og kostnaði við rekstur málsins í héraði skipt milli sín og ríkissjóðs.

Ákærði vantaldi á skattframtölum sínum um þriggja ára skeið, 1989 til 1991, tekjur að fjárhæð 15.524.857 krónur. Varð álagning tekjuskatts og útsvars á hann af þeim sökum 5.871.550 krónum lægri en rétt var. Ríkisskattstjóri tilkynnti 11. janúar 1994 endurákvörðun á opinberum gjöldum ákærða samkvæmt úrskurði 22. desember 1993, og hækkaði álagning vegna þessara ára í 9.378.112 krónur. Af þeirri fjárhæð er skattur af álagi samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt talinn nema 1.654.208 krónum. Ákærði stóð skil á hinum vangreiddu opinberu gjöldum 18. janúar sl.

Brot ákærða eru stórfelld, og ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um annað en fjárhæð sektar.

Við ákvörðun fésektar er til þess að líta, að brot ákærða voru til þess fallin að skapa honum umtalsverða auðgun á kostnað samfélagsins. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar og frádráttar skatts af álagi auk þeirra refsilækkunarsjónarmiða, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, þykir fésekt ákærða hæfilega ákveðin 3.000.000 krónur. Áréttta ber, að við ákvörðun hennar er höfð í huga sú skilorðsbundna varðhaldsrefsing, sem ákærða er dæmd.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði, Atli Þór Ólason, skal greiða 3.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi sex mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1994.**

Ár 1994, þriðjudaginn 8. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-82/1994: Ákærvaldið gegn Atla Þór Ólasyni, en málið var dómtekið 16. febrúar sl. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 1. febrúar sl., á hendur „Atla Þór Ólasyni lækni, Baughúsum 37, Reykjavík, fæddum 6. janúar 1949, fæðingarnúmer 488, fyrir brot á skattalögum.

Ákærða er gefið að sök að hafa vantalið með saknæmum hætti á skattframtölum sínum á framtalsárunum 1989, 1990 og 1991 samtals kr. 15.524.857,00 í tekjur af sjálfstæðri starfsemi sinni við bæklunarlækningar sem hann stundaði við Læknastöðina hf. og Handlæknastöðina hf. að Álflheimum 74, Reykjavík, á árunum 1988, 1989 og 1990, sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. einnig 21. og 23. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga. Leiddi þetta til lægri álagningar og greiðslu á tekjuskatti og útsvari en vera bar um samtals kr. 5.871.550,00, þar sem miðað er við tekjur án álags samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981, og sundurliðast framangreindar fjárhæðir sem hér greinir:

---

Ákærði hefur sætt endurákvörðun tekjuskatts og útsvars af tekjum framangreindra ára samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, dagsettum 22. desember 1993, og greitt úrskurðaða hækkun 18. og 19. janúar 1994.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr., sbr. og 6. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989, nú lög nr. 90/1990.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir framangreind brot“.

Verjandi ákærða gerir þær dómkröfur að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og að dæmd verði réttargæslu- og málsvarnarlaun að mati réttarins.

Ákærði kom fyrir dóminn 16. febrúar sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þá háttsemi sem ákært er út af og hafði ákærði engar athugasemdir fram að færa varðandi tölulega framsetningu í ákærunni. Ákærði kvaðst áður hafa farið yfir öll fram lögð skjöl málsins ásamt verjanda sínum.

Dómurinn telur þannig sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af, og varðar háttsemin við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir.

Rétt er að láta þess getið, að útsvar ákærða á tekjur árin 1988 og 1989 fór eftir lögum nr. 73/1980. Lög nr. 91/1989 tóku gildi hinn 1. janúar 1990 og komu í stað laganna nr. 73/1980 og var ákærða gert útsvar eftir fyrrgreindu lögnum vegna tekna árið 1990. Ákærandi lét þessa og getið við flutning málsins.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu áður.

Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega og þá bera gögn málsins með sér, að ákærði lagði sitt af mörkum við rannsókn málsins í því skyni að upplýsa málið.

Verður þetta virt ákærða til lækkunar við refsíákvörðun.

Ákærði vantaldi með saknæmum hætti á skattframtölum sínum á framfalsárunum 1989, 1990 og 1991 samtals kr. 15.524.857,00 og leiddi þetta til lægri álagningar og greiðslu á tekjuskatti og útsvari um samtals kr. 5.871.550,00, þar sem miðað er við tekjur án álags samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981, allt eins og í ákæru greinir.

Hinn 22. desember sl. úrskurðaði ríkisskattstjóri um álagðan tekju- og eignarskatt fyrir þau þrjú framtalsár, sem í ákæru greinir. Leiddi þetta til þess að ákærða var gert að greiða viðbótarfjárhæð bæði á tekjuskatt og útsvar auk 25% álags samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981. Hinn 18. janúar sl. greiddi ákærði þessa fjárhæð að fullu auk verðbóta á bæði tekjuskatt og útsvar, samtals kr. 9.378.112,00, en misritun er það í ákæru, að greiðsla hafi einnig verið innt af hendi 19. janúar sl. Ákærði hefur samkvæmt þessu greitt rúmlega 3,5 milljónir króna umfram þá fjárhæð, sem hann kom sér hjá að greiða með brotum sínum.

Dómurinn telur sakir ákærða miklar, sbr. 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, og þykir ákærði hafa unnið til refsivistar með vísan til 1. mgr., sbr. 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, og þykir refsing ákærða þannig hæfilega ákvörðuð

og jafnframt með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga sem varðhald í 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá uppsögu dómsins að telja og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 segir, að sekta megi skattaðila um allt að tífalda þá fjárhæð, sem undan er dregin, að uppfylltum sagnæmisskilyrðum, sem talin eru upp í þessari lagagrein. Þá segir að skattur af álagi samkvæmt 106. gr. dragist frá sektarfjárhæð.

Dómurinn telur að ákærði hafi auk refsivistarinnar unnið til sektarrefsingar, sbr. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981.

Áður var lýst þeirri fjárhæð, sem ákærði hefur greitt vegna úrskurðar ríkisskattstjóra, og hefur hann þannig greitt að fullu skattskuld sína auk álags og verðbóta.

Með það í huga og að teknu tilliti til frádráttar skatts af álagi og að teknu tilliti til refsilækkunarsjónarmiða, sem getið var um að framan, og með vísan til þess, að ákærði er jafnframt dæmdur til skilorðsbundinnar refsivistar þykir sekt ákærða hæfilega ákvörðuð sem 2 milljónir króna og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 200 þúsund í réttargæslu- og málsvarnarlaun til verjanda síns, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Atli Þór Ólason, sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá uppsögu dómsins að telja og refsivistin falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 2 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 200 þúsund í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns.